

Sb.

84. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfelling á aðflutningsgjöldum af efni til rafvirkjunar í Vík í Mýrdal.

Flm.: Gisli Sveinsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fella niður öll aðflutningsgjöld af innfluttu efni til hinnar nýju rafvirkjunar í Vík í Mýrdal.

Greinargerð.

Í Víkurkaupþúni í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu hefir nú verið komið upp rafveitu, sem öllum kaupþúnsbúum kemur að miklum og góðum notum, en vitaskuld hefir hún orðið alldýr (kostnaður mun alls ekki fjarri 50 þús. kr.), og er þó allur munur, að aflið er selt almenningi með vægum og aðgengilegum kjörum. Það alveg einstaka tilfelli hefir hér átt sér stað, að hlutaðeigendur hafa komið þessu fyrirtæki sjálfir á fót án þess að taka nokkurt lán í bönkum hér eða leita ábyrgðar hins opinbera, sem vel ber að virða. Rafvirkjun þessi er einn veigamikill liður í þeim framkvæmdum, sem miða að því að tryggja afkomu fólksins á þessum stað, svo að ekki þurfi að koma til þess, að það flosni upp fyrir örlög fram, eins og nú virðist jafnvel vera hætt á annarstaðar, þar sem viðleitni til sjálfsbjargar á örðugt uppdráttar af einhverjum ástæðum.

Flm. þáttill. telur, að bæði stjórn og þing eigi sem mest að hlynna að slíkum framkvæmdum sem þessum, með því að alveg er augljóst, að þær horfa á allan hátt til bjargræðis. En þar sem aðflutningsgjöld til ríkissjóðs af innfluttu efni til umræddrar rafvirkjunar eru há og næsta þungbær þeim, sem undir þessu fyrirtæki standa — sem er almenningur kaupþúnsins —, þótt hið opinbera hinsvegar muni þetta litlu (gjöldin munu nema um eða yfir 3000 kr.), þá er hér með farið fram á, að þeim verði að fullu af létt, og er þess vænt, að háttv. Alþingi líti á það með fullri sanngirni, eins og ástæður liggja hér að. Var og á síðastl. ári, af rafmagnsnefnd kaupþúnsins og hreppsnefnd, sótt um þessa eftirgjöf til ráðuneytisins, og gáfu miðstjórnir Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins því skrifleg meðmæli sín, en afgerð málsins hefir dregið, og er það fyrir því lagt fyrir Alþingi.

Þess skal loks getið, að eins og hv. þingmönnum er kunnugt, er það ekkert einsdæmi, að nokkur tollur sé eftirgefinn af áþekktum framkvæmdum, og á hinn bóginn eru hér einnig fyrir hendi svo sérstakar ástæður, að eigi gæti þessi eftirgjöf skapað neitt almennt fordæmi, frammar því, sem áður hefir gerzt.